

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á DJÚPAVOGI

Dagsetning	20. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N64 39,560 V14 16,878
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Höfn, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Skráningar á tæmingu olíuskilju á liðnu ári lágu ekki fyrir.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Mældar voru olíuleifar í frárennsli frá olíuskilju og notað var olíupróf frá Macherey Nagel. Prófið greindi ekki olíu í frárennsli skiljunnar.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja. Fjórir geymar eru í stöðinni en bara einn í notkun. Flotaolíugeymir er tengdur afgangslögn á bryggju, en olíu er keyrt á geyminn frá Höfn. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Tæming á olíuskilju

Frávik frá: Krafa í starfsleyfi, grein 2.4, er um að olíuskiljur séu tæmdar eftir þörfum, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Fulltrúi ODR kvað starfsmenn félagsins skoða í olíuskiljuna á Djúpavogi með nokkra mánaða millibili en ekki hafa talið þörf á tæmingu.

Athugasemdir: Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Önnur mál: Mæling á olíu í frárennsli stöðvarinnar

Umhverfisstofnun hefur samþykkt olíupróf frá Macherey Nagel, sem mælikvarða á hvort olía sé í frárennslinu. Verði litabreytinga ekki vart, telst frárennslið hafa staðist kröfur um minna en 15 mg/kg (ppm) olíu í frárennslinu. Ef vottar fyrir litabreytingum á strimlinum skal taka sýni úr fráveitu stöðvarinnar og mæla olíuinnihald sýnisins (magnbundin greining).

Reykjavík, 30/08/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.